



Ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2021

Almenn starfsemi

Fastráðnir starfsmenn eru fjórir, sem sinna öllum störfum sem inn á borð kemur til slökkviliðs, s.s. sjúkraflutningum, eldvarnareftirliti, slökkvitækjaþjónustu auk þess að skipuleggja æfingar og endurmenntun fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsmenn í slökkviliðinu eru 54, 24 slökkviliðsmenn eru á Ísafirði og tíu slökkviliðsmenn á útstöðvum á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Þá eru vettvangsliðar í Súðavík og á Suðureyri og Flateyri.

Starfsstöðvar sjúkraflutninga eru tvær; á Ísafirði og á Þingeyri.

Nokkur endurnýjun varð á slökkviliðsmönnum og er fleira ungt fólk komið í raðir slökkviliðsins, en hjá slökkviliðinu starfa bæði konur og karlar.

Starfsdagur fastráðinna starfsmanna var haldinn á haustdögum, en þar eru lagðar línur fyrir komandi starfsár.

Stefna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er að slökkviliðið sé alltaf tilbúið til útkalla. Við erum björgunarlið fyrir alla bæjarbúa og gesti. Okkar kerfi verður að standast allt álag.

Almannavarnir – Sameinuð nefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur

Nokkrir fundir voru haldnir á árinu og nýir nefndarmenn teknir inn í aðgerðastjórn, stutt námskeið var haldið fyrir þessa einstaklinga.

Gul veðurviðvörðun snemma í janúar. Varðskipið Þór var sent á Ísafjörð. Mikil snjóflóðahætta á Ísafirði og Flateyri, og var veðurspá afleit. Fjarfundir með Veðurstofu, ofanflóðavakt og lögreglu í byrjun árs og svo aftur seint í haust.

Appelsínugul veðurviðvörðun í september. Aðgerðastjórn virkjuð. Snjócoma og mjög hvasst. Breyttist svo í rigningu og hlýindi. Snjóbílar og björgunarfólk kom frá Reykjavík til stuðnings okkar fólki.

Slökkvistöðin á Ísafirði

Slökkvistöðin á Ísafirði var byggð fyrir mörgum árum og stækkuð 1978 og er komin til ára sinna. Brýn þörf er að ráðast í byggingu á nýrri stöð.

Viðhaldi var sinnt á árinu, skipt var um glugga og útihurðir á stöðinni, málað var innandyra og ýmislegt annað sem hefur setið á hakanum í mörg ár.

Parfagreiðingun fyrir nýja slökkvistöð hefur verið skilað inn og er Efla verkfræðistofa einnig búin að ráðast í staðarvalsgreiðingun og kemur lóð á Suðurtanga best út í þeirri greiðingun. Þar er stór lóð í eigu Ísafjarðarbæjar sem hentar starfsemi slökkviliðsins mjög vel.

Slökkvistöð á Suðureyri og Þingeyri

Ný bílskúrshurð var sett á slökkvistöðina á Þingeyri. Þá var ný bílskúrshurð pöntuð fyrir Suðureyri. Frekara viðhald er orðið aðkallandi á ýmsum sviðum.

Æfingar og heilsueftirlit

Íþróttæfingar eru hjá slökkviliðinu tvisvar í viku undir stjórn þjálfara. Slökkviliðsæfingar eru einu sinni í mánuði, eins fjölbreyttar og þær eru margar. Nýr þjálfunarstjóri tekur til starfa á nýju ári og blásið til sóknar á öllum stöðvum.

Læknisskoðanir/hjartarannsóknir eru gerðar af hjartasérfræðingi. Í reglugerð fyrir slökkvilið er þetta árleg skylda, fer þó eftir aldri á slökkviliðsmönnum hversu ört þeir mæta til skoðunar.

Reykkafarar slökkviliðs þurfa að standast þrekpróf sem fer fram á hverju ári í febrúar/mars undir stjórn þjálfara.

Covid-19 bólusetning hefur gengið vel hjá slökkviliðinu og eru flestir starfsmenn búnir að fá þrjár sprautur af bóluefni.

Eldvarnareftirlit

Starfsmenn slökkviliðs sinna eftirliti eftir bestu getu, en Covid hefur sett starfinu þrengri skorður en ella. Allar skoðanir hafa þó verið framkvæmdar en þó nokkuð er um nýbyggingar á svæðinu. Mikil og góð samskipti eru við byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar og Tækniþjónustu Vestfjarða.

Slökkvitækjapjónusta

Mikið magn af slökkvitækjum kemur inn til skoðunar á hverju ári bæði frá heimilum, bátum og fyrirtækjum. Eins eru seld slökkvitæki og reykskynjarar hjá slökkviliðinu allt árið, mesta salan fer fram í desember.

Gjald er tekið fyrir förgun á slökkvitækjum og fyrir akstur, bæði innan okkar starfsvæðis og utan. Heimildir eru fyrir frekari gjaldtöku hjá slökkviliði, svo sem ráðgjöf, skoðun teikninga og úttektir.

Fyrirhuguð starfsemi 2022

Viðræður við Súðavíkurrepp og Bolungarvíkurkaupstað eru í gangi vegna frekari samvinnu og/eða sameiðningu slökkviliða.

Minnisblað hefur verið kynnt í bæjarráðum/bæjarstjórnun um að einn slökkviliðsstjóri verði yfir þessum slökkviliðum og sameiginlegt eldvarnareftirlit. Stefnt er að því að samningar verði gerðir í byrjun árs 2022.

Úttekt á slökkviliði fór fram á vegum HMS (Húsnæðis og mannvirkjunarstofnunnar) á haustdögum, þó nokkrar athugasemdir komu fram í skýrslunni. Unnin verður bót á þessum athugasemdum eftir bestu getu en sumt verður ekki leyst nema með nýrri slökkvistöð.

Stofnuð hefur verið nefnd um innkaup á nýjum slökkvibílum undir forystu Ríkiskaupa. Er það mikið hagræði og hægt er að ná fram mjög hagstæðum samningum. Slökkviliðsstjóri situr í þessari nefnd. Möguleiki er að fá nýjan tankbíl 2024-2025 sem mun þjónusta öllu svæði slökkviliðsins.

Útköll og sjúkraflutningar

Útköll

Útköll slökkviliðs á árinu 2021 voru 24.

Enginn stórbruni var á starfssvæði slökkviliðs á árinu.

Fjöldi útkalla eftir flokkum:

- F-1 hæsti forgangur: 3
- F-2 forgangur: 10
- F-3 útkall án forgangs: 11

Önnur verkefni voru m.a. vatnslekar, hreinsun á olíu eftir umferðaslys, óveður og gróðureldar.

Sjúkraflutningar

Covid-19 er ennþá til staðar á okkar svæði, sem gerir alla Covid-tengda vinnu mun tímafrekari.

Sjúkrabíll 103 er sérútbúinn sem Covid-bíll.

Bílaleigubíll er tilbúinn fyrir sitjandi Covid-flutninga.

Birgðastaða er góð af hlífðargöllum og öllum tilheyrandi búnaði.

Fjöldi sjúkraflutninga á okkar svæði er að aukast frá ári til árs og sjúkrabíllinn á Þingeyri að taka mörg útköll og flutninga sem er mikið hagræði.

Fimm sinnum á árinu voru allir sjúkrabílar úti í verkefnum á sama tíma sem undirstrikar að þörfin er til staðar fyrir fjóra sjúkrabíla á okkar starfssvæði.

Bæði voru sjúkraflutningar í friðlandið á Hornströndum með aðstoð björgunarsveitar og í skemmtiferðaskip með aðstoð starfsmanna Ísafjarðarhafna.

Fjöldi útkalla sjúkrabíla eftir flokkum, samtals 420 útköll.

- F-1 útkall í hæsta forgangi: 55
- F-2 útkall á forgangi: 78
- F-3/F-4 almennir sjúkraflutningar: 287

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemur með í F-1 útköll. Slökkvilið þakkar læknum á Heilbrigðisstofnun fyrir þeirra framlag til sjúkraflutninga á árinu.

Öll útköll hjá slökkviliði, sjúkrabílum og vettvangsliðum fara í gegnum Neyðarlínu 112.

Heimsóknir á slökkvistöð

Slökkvilið hefur tekið á móti skólakrökkum og öðrum gestum á árinu og hefur einnig farið í heimsóknir á vinnustaði og skóla með eldvarnarfræðslu.

Lokaorð

Ársskýrsla 2021 er eingöngu rafræn.

Mikil tækifæri eru fyrir frekari uppbyggingu á enn öflugra slökkviliði með samningum og/eða sameiningu. Stórar og dýrar fjárfestingar eru öllum slökkviliðum og þar með bæjarsjóðum erfiðar en með samlegðaráhrifum sem liggja fyrir verður betra að takast á við frekari innkaup.

Covid-19 hefur haft áhrif á okkar störf og æfingar allt þetta ár en með góðu skipulagi hefur enginn úr okkar röðum smitast af veirunni.

Áramótabrennum á starfssvæði slökkviliðsins var frestað vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19.

Slökkviliðsstjóri, fyrir hönd Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, þakkar þeim fjölmörgu sem komu að björgunaraðgerðum á árinu 2021.

Sigurður A. Jónsson

Slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar